

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Dalabyggð.

Sælingsdalstunga.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti 19. mars 2024 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 breytingu á deiliskipulagi Sælingsdalstungu.

Deiliskipulagsbreytingin felst í sameiningu lóða 52-57 í eina 4 ha lóð. Skilmálum um byggingarmagn er breytt á öllum frístundahúsalóðum á svæðinu og gert ráð fyrir breyttum aðkomuvegi inn á svæðið.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Dalabyggðar, 25. júní 2024,

Hlynur Torfi Torfason skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 9. júlí 2024